



**Ársskýrsla og reikningar
Hrossaræktarsamtaka Eyfirðinga og
Þingeyinga fyrir aðalfund haldinn í
Ljósveitningabúíð 6. apríl 2010**

Skýsla stjórnar fyrir aðalfund HEP 6. apríl 2010

Í stjórn samtakanna sitja eftirtaldir. Ríkarður G. Hafdal formaður, Vignir Sigurólason varaformaður, Zophonías Jónmundsson gjaldkeri, Bjarni Páll Vilhjálmsson ritari og Höskuldur Jónsson meðstjórnandi. Varamenn í stjórn eru Þorvar Þorsteinsson og Auðbjörn Kristinsson. 4 formlegir stjórnarfundir hafa verið haldnir en auk þess voru haldnir nokkrir óformlegir símafundir. Formaður sóttir formannafund í arpíl og kjörnir fulltrúar fóru á aðalfund Félags Hrossabænda í nóvember. Líkt og undanfarin ár eru verkefni samtakanna unnin í nánú samstarfi við Búgarð þar sem HEP hefur jafnframt aðstöðu fyrir fundi.

HEP á hlut í Tveimur stóðhestum. Gusti frá Hóli 1/3, og Gígjari frá Auðsholtshjáleigu, nánar tiltekið þriðjungshlut í einkahlutafélagi um þann hest. Hefur hefur selt sinn eignarhlut (1/6) í Hrym frá Hofi. Kaupandi er Jón Elfar Hjörleifsson á Hrafnagili. Kaupverð var kr. 500.000.- auk vsk.

Gustur frá Hóli var á sæðingastöð að Dýrfinnustöðum í Skagafirði. Ekki tókst að fylja hryssur með sæði úr klárnum. Virðist því sem Gustur sé orðinn ófrjór. Í World Feng eru 20 afkvæmi skráð fædd 2007, 8 afkvæmi fædd 2008 en ekkert afkvæmi hefur verið skáð fætt 2009 og er það í samræmi við fylskoðun sumarið 2008 þegar engin af þeim 25 hryssum sem hjá honum voru hafði greinst með fyli. Gustur stendur sem fyrr sterkur í kynbótamatinu með 123 stig og 230 dæmd afkvæmi en heildarfjöldi skráðra afkvæma er 657. Ekki hefur náðst samkomulag við aðra eigendur hestsins um hvernig síðustu dögum eða árum hans skuli háttað og því er eldra samkomulag í gildi um notkun og umsjón. Hrossaræktarsamband Vesturlands hefur selt sinn eignarhlut til Hrossaræktarsamtaka Austurlands. HEP var ekki boðinn forkaupsréttur í þessum viðskiptum, eins og kveðið er á um í eigendasamningi og ekki hefur fengist gefið upp kaupverð.

Gígjar frá Auðsholtshjáleigu var á Jarðbrú í Svarfaðardal sl sumar. Til hans komu 8 hryssur og af þeim voru 6 fengnar. Kynbótamat Gígjars er 121 stig. Sýnd hafa verið 15 afkvæmi en skráð eru 198. Hann hefur því náð lágmarkum til að hljóta fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi á næsta Landsmóti. Skv. ársreikningi fyrir árið 2008 voru tekjur þá 915.663 en rekstrargjöld 1.043.504.- Inn í því er þjálfun fyrir landsmótið 2008 og fóðurkostnaður v. 2007 sem ekki var gerður reikningur fyrir á því ári. Að teknu tilliti til fjármagnsliða var tap á árinu 2008 kr. 63.630.- Reikningur fyrir árið 2009 liggur ekki fyrir. En lítil notkun var á honum það ár. Útlit er fyrir vaxandi áhuga á að nota hestinn í sumar og fara pantanir ágætlega af stað.

3 kynbótasýningar voru haldnar á svæðinu. Vorsýning kynbótahrossa var haldin í Hringsholti við Dalvík dagana 14. og 15. maí. 18 hross mættu til dóms, þar af voru 12 sem hlutu fullnaðardóm. Dómarar voru Eypór Einarsson og Friðrik Már Sigurðsson. Héraðssýning kynbótahrossa var svo haldin á Melgerðismelum dagana 9.-12. júní. Til dóms mættu 125 hross og þar af voru 106 hross sem hlutu fullnaðardóm. Dómarar voru þau Guðlaugur V. Antonsson, Sigbjörn Björnsson og Steinunn Anna Halldórsdóttir. Síðsumarsýning fór fram á Akureyri 19. – 21. ágúst. Alls voru sýnd 67 hross og af þeim hlutu 65 fullnaðardóm. Dómarar voru Þorvaldur Kristjánsson, Elsa Albertsdóttir og Valberg Sigfússon. Ákveðið hefur verið að vorsýning verði haldin á Melgerðismelum 12.-14. maí verði skráning nægjanlega. Héraðssýning verður svo haldin á Akureyri 7. – 11. júní. Sú venja hefur verið að stjórn HEP hefur ákveðið staðsetningu kynbótasýninga fyrir hvert ár. Hefur sú ákvörðun verið byggð á því hvar stjórn telur besta mótssvæðið hverju sinni vera. Nú er svo komið að þriju mótssvæði á félagssvæðinu hafa upp á að bjóða góðar aðstæður. Það er því úr vöndu að ráða fyrir stjórnina. Gott væri að þessi fundur

færi yfir þessi mál og að menn ræddu það hvernig þessum málum verði best fyrir komið til framtíðar.

Haustfundur Hrossaræktarsamtaka Eyfirðinga og Þingeyinga var haldinn 12. nóvember sl. í Ljósveitingabúð í Þingeyjarsveit. Á fundinum var valið ræktunarbú ársins, auk þess sem ræktendur efstu hrossa í kynbótadómi hlutu viðurkenningar. Guðlaugur Antonsson fór yfir sviðið í hrossaræktinni og Jónas Vigfússon flutti erindi um áverkaskráningar hrossa á kynbótasýningum.

Guðlaugur Antonsson hrossaræktarráðunautur BÍ, Kristinn Guðnason formaður Félags hrossabænda og Sólveig Ólafsdóttir formaður FT funduðu svo með hestamönnum í mars og fór sá fundur fram í Hlíðarbæ.

Títilinn Ræktunarbú ársins 2009 hlaut að þessu sinni Komma í Eyjafjarðarsveit. Að búinu standa Vilberg Jónsson og Kristín Sigvaldadóttir. Árangur ársins var virkilega góður og var búíð einnig tilnefnt á landsvísi af Bændasamtökum Ísland. 4 hross voru sýnd í kynbótadómi og hlutu þau öll fyrstu verðlaun. Efstur þeirra er stóðhesturinn Kaspar sem hlaut í aðaleinkunn 8,40 og hefur hann einnig náð góðum árangri á keppnisvelliðum. Næst hæstu einkunn hlaut 4 vetra unghryssan Rauðhetta með 8,11. Meðaleinkunn sýndra hrossa er 8,16 og meðalaldur er tæplega 6 ár. Komma hefur um árabíl komið fram með athyglisverða gripi sem sýnd hafa verið í kynbótasýningum og á keppnisvelliðum. Önnur bú sem hlutu tilnefningu voru Grund II, Efri-Rauðilækur, Litla-Brekka og Torfunes.

Ræktendur efstu hrossa í hverjum aldursflokki hlutu einnig viðurkenningu frá HEP. Meðfylgjandi er tafla yfir 3 efstu hross í hverjum aldursflokki.

Samtökin eiga nú eins og kunnugt er hlut í tveimur stóðhestum og annar þeirra verður væntanlega ekki meira til notkunar. Það er því spurning um áframhald á stóðhestaeign samtakanna. Á haustfundi kom fram tillaga sem vísað var til stjórnar um að kannað möguleika á því að kaupa hlut í stóðhesti sem fjármagnaður yrði með fyrirframgreiddum tollum. Þessi hugmynd hefur verið kynnt stjórnnum aðildarfélaganna sem svo væntanlega hafa rætt málið við sína félagsmenn. Gott væri að heyra hvernig mönnum líst á þessa hugmynd. Og vonumst við til að umræða verði um þetta mál hér á eftir.

Stjórn sendi frá sér ályktun og lýst furðu sinni á því að Félag hrossabænda skyldi senda ályktun inn á Búnaðarþing 2010 um staðarval Landsmóta. Ályktunin fylgir með í þessu fjölriti.

Að lokum vill stjórnin þakka félagsmönnum fyrir góð samskipti og óskar þeim gæfuríks hrossaræktarárs.

Rekstrarreikningur 2009

Tekjur:	2009	2.008
Gustur 88165895		140.562
Hrymur 97156109	52.209	546.184
Gígjar Auðholtshjáleigu	401.606	1.253.012
Aðall Nýjabæ	350.000	
Geisli Sælukoti	367.871	
Feldur Hæli	381.524	
Adam Ásmundarsstöðum	1.244.980	
Tenór Túnsbergi		700.000
Blær Hesti		1.023.293
Gandálfur Selfossi		730.000
Sveinn Hervar		1.204.821
Arðgreiðsla Gígjar ehf		
Árgjöld Deilda	1.322.500	1.338.500
Vaxta og dráttavaxtatekjur	120.078	275.614
Styrkir og fleira	150.000	50.000
TEKJUR ALLS KR.	4.390.768	7.261.986
Söluverð Hryms 1/6	1.500.000	
Tekjur alls kr.	5.890.768	7.261.986

GJÖLD

Hirðing og þjálfun hesta Samt.		
Dýralækniskostnaður	136.575	261.254
Leiga stóðhesta	1.989.960	3.691.887
Flutningur hesta	38.500	150.000
B.S.E. Samningur	150.000	150.000
Heimasíða	50.360	94.360
Héraðssýningar	47.145	18.621
Ýmis kostnaður	109.053	185.066
Árgjöld	1.052.000	1.068.000
Póstkostnaður	1.810	1.870
Fréttabréf	18.750	18.750
Bókhakd reiknisskil		634
Landleiga	70.000	664.562
Kostnaður V/stjórnunarstarfa	38.279	11.391
Fundir og ferðir	114.000	77.140
Deildir V/ hesta	505.084	304.297
Vaxtagjöld og verðbætur	17.433	81.498
REKSTRARKOSTNAÐUR ALLS	4.338.949	6.779.330
Afskrifað söluverð Hryms	1.500.000	
Hagnaður ársins 2009	51.819	482.656
GJÖLD ALLS KR.	5.890.768	7.261.986

EFNAHAGSREIKNINGUR

Hrossaræktarsamtaka Eyfirðinga og Þingeyinga

31.12
2009

EIGNIR:	2009	2.008
VELTUFJÁRMUNIR:		
Sjóður		
Hlaupareikningur 855	305.125	1.115.797
Peningamarkaðsreikningur	1.404.714	-
Viðskiptakröfur	182.999	591.271
V. S . K. Inneign	150.277	406.251
VELTUFJÁRMUNIR ALLS KR.	2.043.115	2.113.319

FASTAFJÁRMUNIR:

Gustur Hóli 88165895	1.070.933	1.070.933
Hrymur frá Hofi 97156109	1.166.654	2.666.654
Gígjar ehf	7.063.937	7.063.937
Sónarbarki	207.171	207.171
Eignfærð breyting hús Melg mel.	162.377	162.377
FASTAFJÁRMUNIR ALLS KR.	9.671.072	11.171.072
EIGNIR ALLS KR:	11.714.187	13.284.391

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:

SKULDIR

Viðskiptaskuldir	1.146.932	2.768.955
SKULDIR ALLS KR.	1.146.932	2.768.955

EIGIÐ FÉ

Höfuðstóll 01.01.2009	10.515.436	10.032.780
Hagnaður(Tap) ársins 2009	51.819	482.656
EIGIÐ FÉ ALLS KR.	10.567.255	10.515.436
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS KR:	11.714.187	13.284.391

3 efstu hrossin í hverjum aldursflokki á kynbótasýningum 2009 sem fædd eru á félagssvæði HEP.

Stóðhestar 4 vetra								
Fæðingarnúmer	Nafn	Uppruni í þgf.	Ræktandi	Sýnandi	Sköpulag	Hæfileikar	Aðaleink.	
IS2005165247	Hrímnir	Osi	Sindri Þór Sverrisson	Agnar Þór Magnússon	8,15	8,10	8,12	
IS2005165525	Porri	Móðrufelli	Matthías Eirsson	Þorbjörn Hreinn Matthíasson	8,06	8,14	8,11	
IS2005165493	Baugur	Efri-Rauðalæk	Guðlaugur Arason	Baldvín Ari Guðlaugsson	8,08	7,66	7,83	
Stóðhestar 5 vetra								
IS2004165630	Grunnur	Grund II	Þorsteinn Egilson, Þór Sigþórs., Örn Stefáns.	Erlingur Erlingsson	8,26	8,60	8,47	
IS2004166211	Möttull	Torfunesi	Baldvín Kristinn Baldvínsson	Erlingur Ingvarsson	8,13	8,39	8,29	
IS2004165493	Frosti	Efri-Rauðalæk	Baldvín Ari Guðlaugsson	Sigurður Sigurðarson	8,18	8,31	8,26	
Stóðhestar 6 vetra								
IS2003165665	Kiljan	Árgerði	Magni Kjartansson	Stefán Birgir Stefánsson	8,02	8,48	8,30	
IS2003165520	Ódeseifur	Móðrufelli	Matthías Eirsson	Þorbjörn Hreinn Matthíasson	7,74	8,64	8,28	
IS2003165579	Eldjárn	Ytri-Brennihóli	Ama Hrafnisdóttir	Þorvar Þorsteinsson	8,17	8,03	8,08	
Stóðhestar 7 vetra og eldri								
IS2001165890	Kaspar	Kommu	Vilberg Jónsson	Jakob Svavar Sigurðsson	8,14	8,57	8,40	
IS2002165401	Stymir	Neðri-Vindheimur	Arnar Már Sverrisson	Bjarni Jónasson	8,04	8,59	8,37	
IS2004165791	Lektor	Ytra-Dalsgerði	Kristinn Hugason og Hugl Kristinsson	Bylgja Gauksdóttir	8,58	8,03	8,25	
Hryssur 4 vetra								
IS2005265890	Rauðhetta	Kommu	Vilberg Jónsson	Erlingur Erlingsson	8,24	8,02	8,11	
IS2005265398	Freyja	Efri-Rauðalæk	Guðlaugur Arason	Baldvín Ari Guðlaugsson	7,98	7,81	7,88	
IS2005265395	Bytling	Akureyri	Gunnaugur Atli Sigfússon	Bjarni Jónasson	7,64	7,93	7,81	
Hryssur 5 vetra								
IS2004265080	Logadis	Sýðra-Garðshorni	Vilhjálmur Þórarinnsson	Guðmundur Friðrik	8,43	8,22	8,30	
IS2004265492	Krækja	Efri-Rauðalæk	Guðlaugur Arason	Baldvín Ari Guðlaugsson	8,33	8,28	8,30	
IS2004265872	Snæja	Garðsá	Orri Óttarsson	Þorvar Þorsteinsson	8,16	8,29	8,24	
Hryssur 6 vetra								
IS2003266201	Elding	Torfunesi	Baldvín Kristinn Baldvínsson	Erlingur Ingvarsson	8,04	8,28	8,18	
IS2003266211	Nótt	Torfunesi	Baldvín Kristinn Baldvínsson	Erlingur Ingvarsson	8,34	8,03	8,16	
IS2003266331	Náma	Hlíðarenda	Erlingur Ingvarsson og Elsa Albertsd.	Björn Haukur Einarsson	8,31	7,99	8,12	
Hryssur 7 vetra og eldri								
IS2001266211	Myrkva	Torfunesi	Baldvín Kristinn Baldvínsson	Mette Camilla Moe Mannseth	8,31	8,58	8,47	
IS2001265419	Pruma	Glaesibæ 2	Kristjana Valgeirsdóttir	Gunnar Hafdal	8,23	8,55	8,43	
IS2002265671	Von	Árgerði	Magni Kjartansson	Asdis Helga Sigursteinsdóttir	8,08	8,60	8,39	

ATHUGASEMD FRÁ STJÓRN HROSSARÆKTARSAMTAKA EYFIRÐINGA OG ÞINGEYINGA

Stjórn HEP lýsir yfir undrun sinni á erindi Félags Hrossabænda til Búnaðarþings 2010 um Landsmót hestamanna. Stjórn HEP kannast ekki við að staðsetning landsmóta hafi verið til umfjöllunar á aðal- og/eða formannafundum undanfarin ár. Þegar farið er fram með svo stórt og umdeilt mál hlýtur það að vera mikilvægt fyrir stjórn slíkra samtaka að vita hug sinna félagsmanna. Það geta því varla talist eðlileg vinnubrögð að blanda félaginu í þetta viðkvæma deilumál með þessum hætti, og marka stefnu til framtíðar án þess að nokkur umræða hafi farið fram um það á vetvangi félagsins. Í greinargerð með ályktuninni er staðhæft að það sé almennt viðhorf að farsælast sé að sameinast um tvo mótsstaði. Stjórn HEP kannast ekki við þetta almenna viðhorf, enda engin formleg umræða farið fram um málið innan samtakanna.